

REGLUGERÐ TKÍ UM HÖFUÐSPÖRK

Tilgangur reglugerðar er að samræma hvernig höfuðspörk skulu vera dæmd og hvað skal gert þegar þau eiga sér stað. Tilgangurinn er einnig að búa iðkendum taekwondo íþróttarinnar sanngjarnt og öruggt umhverfi til að æfa íþróttina og bæta sig í henni til framtíðar.

Skilgreiningar:

Andlitshlíf: *Glær hlíf framan á hjálm sem ver andlitssvæði keppanda án þess að hindra öndun.*

Rothögg: *Lögleg tækni sem leiðir til þess að andstæðingur missir meðvitund og er ófær um að halda keppni áfram, sbr. gr. 17 og 18 í keppnisreglum WT¹.*

Tæknilegt rothögg: *Lögleg tækni sem leiðir til þess að andstæðingur skjögrar eða er með einhverjum hætti ófær um að halda keppni áfram án þess þó að missa meðvitund. Bardagastjóri getur ákveðið upp á sitt einsdæmi að um tæknilegt rothögg sé að ræða jafnvel þó ofangreind atriði séu ekki til staðar í kjölfar löglegrar tækni, enda væri það að mati bardagastjóra hættulegt fyrir keppanda að halda keppni áfram, eða að öryggi hans væri stefnt í hættu sbr. skýringu #1 við gr. 17 í keppnisreglum WT.*

Tillögur að flokkaskiptingu með tilliti til höfuðsparka (aldur miðast við fæðingarár)

- 11 ára og yngri (minor) - Engin höfuðsnerting leyfð. Skylda að keppa með hjálm með andlitshlíf.

- 12-14 ára (cadet) 10.-5. geup - Engin höfuðsnerting leyfð. Skylda að keppa með hjálm með andlitshlíf.
- 12-14 ára (cadet) 4. geup og hærra - Aðeins höfuðspörk sem ekki leiða til rothöggs eða tæknilegs rothöggs leyfð. Skylda að keppa með hjálm með andlitshlíf.
- 15 - 17 ára (junior) - Full höfuðsnerting samkvæmt reglum WT
- 18 ára + (senior) - Full höfuðsnerting samkvæmt reglum WT
- 35 ára + (veteran) 10. - 5. geup. Aðeins höfuðspörk sem ekki leiða til rothöggs eða tæknilegs rothöggs leyfð.
- 35 ára + (veteran) 4. geup og hærra. Full höfuðsnerting samkvæmt reglum WT

1. Flokkar þar sem höfuðspörk eru ekki leyfð

1.1. Ógætileg árásartækni sem leiðir til beins sparks í höfuð

1.1.1. Fari spark keppanda í höfuð andstæðings vegna ógætilegrar notkunar á árásartækni, t.d. ef bardagastjóri metur það sem svo að viðkomandi keppandi sýni ekki það vald á tækni að hann geti forðast að spark lendi í höfuðhæð andstæðings, skal slíkt leiða til refsistigs og áminningar um að gerist slíkt aftur, verði bardagi stöðvaður og andstæðingur úrskurðaður sigurvegari, óháð stöðu stiga í bardaganum. Gerist ofangreint aftur, skal bardagi stöðvaður og andstæðingur úrskurðaður sigurvegari.

1.2. Hættuleg árásartækni sem leiðir til óbeins sparks í höfuð

1.2.1. Fari spark keppanda í höfuð andstæðing vegna eðlilegrar varnartækni andstæðings, t.d. ef sá sem ver sig gegn sparkinu veldur því að fótur rennur eftir handlegg, í höfuðhæð og þaðan í höfuð, skal bardagastjóri veita þeim sem sparkaði refsistig og áminna um að fara gætilegar. Gerist þetta ítrekað má leiða að því líkum um að ásetning þess sem sparkar sé að ræða, sbr. gr. 1.4. neðan og gilda þá þau viðurlög.

1.3. Hættuleg varnartækni leiðir til óbeins sparks í höfuð

1.3.1. Fari spark keppanda í höfuð andstæðings vegna ógætilegrar varnartækni andstæðings, t.d. andstæðingur beygir sig niður og fær spark í höfuð sem ella hefði farið í magahæð, skal bardagastjóri veita þeim þeim sem beitti ógætilegri varnartækni, og áminna keppendur um að ef þetta gerist aftur, verði bardagi stöðvaður og sá sem sparkar úrskurðaður sigurvegari, jafnvel þó að sum spörk hafi endað í höfði andstæðings, á þeim grundvelli að öryggi andstæðingsins sé ógnað vegna skorts á færni við vörn, sbr. 14. grein keppnisreglna WT.

1.4. Vísitandi hættuleg árásartækni leiðir til beins sparks í höfuð

1.4.1. Ef bardagastjóri metur það sem svo að keppandi beiti vísitandi höfuðsparki skal slíkt leiða til þess að bardagi er stöðvaður og andstæðingurinn úrskurðaður sigurvegari, sbr. 14. grein keppnisreglna WT.

1.5. Vísitandi hættuleg varnartækni leiðir til óbeins sparks í höfuð

- 1.5.1. Ef bardagastjóri metur það sem svo að keppandi sé vísvitandi að “fiska” höfuðspark, t.d. með því að viljandi halla höfði í sparkstefnu, skal slíkt leiða til þess að bardagi er stöðvaður og hinn keppandinn úrskurðaður sigurvegari.

2. Flokkar þar sem aðeins höfuðspörk sem ekki leiða til rothöggs eða tæknilegs rothöggs leyfð.

2.1. Almenn viðmið

- 2.1.1. Ef keppandi í þessum flokki er ófær um að halda áfram keppni eftir höfuðspark skal bardagastjóri úrskurða hann sigurvegara í bardaganum og dæma þann sem sparkaði úr leik.
- 2.1.2. Bardagastjóri skal ráðfæra sig við mótislækni um hvort um meiðsli sé að ræða og hvort keppandi sé ófær um að halda áfram keppni vegna þeirra.
- 2.1.3. Sé það mat mótislæknis að keppandinn sem hlaut höfuðspark sé ófær um að halda áfram keppni vegna beinna líkamlegra afleiðinga sparksins, t.d. vegna skertrar meðvitundar, skurðar, beinbrota, blæðingar eða annað, skal slíkt uppfylla viðmið í 2.1.1.
- 2.1.4. Ef keppandi sá sem hlaut höfuðspark neitar að halda áfram keppni, þrátt fyrir að bardagastjóri, að viðhöfðu samráði við mótislækni, meti það svo að líkamlegar afleiðingar höfuðsparks uppfylli ekki skilyrði í 2.1.3., skal líta á það sem svo að sá sem fyrir höfuðsparkinu varð gefi bardagann, og sá sem sparkaði skal úrskurðaður sigurvegari.

2.2. Annað til viðmiðunar

- 2.2.1. Ef keppnisflokkar á mótum eru sameinaðir með þeim hætti að í einum keppnisflokki gilda aðrar reglur um höfuðspörk en í öðrum, skulu þær

reglur sem eru meira takmarkandi gilda.

2.2.1.a. Dæmi; ef cadetflokkur þar sem keppendur eru með blátt belti annars vegar, og keppendur í flokki með rautt belti hins vegar, eru sameinaðir, skulu höfuðspörk óheimil.

2.2.2. Bardagastjóri skal ekki taka ákvörðun um að vísa keppanda úr keppni vegna höfuðsparks án þess að ráðfæra sig við hornadómara og mótslækni (ef þess þarf). Ef ekki fæst skýr niðurstaða slíkrar umræðu þá skal bardagastjóri taka ákvörðun miðað við það sem hann/hún sá og fylgja eigin sannfæringu.